



UMSÖGN HAFNARFJARÐARBÆJAR UM FRUMVARP TIL LAGA UM
SKIPULAGSLÖG (BÓTAÁKVÆÐI O.FL.).

Mál nr. 512. Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi.

Hafnarfjarðarbæ hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um skipulagslög (bótaákvæði o.fl.), mál nr. 512. mál. Umsagnarfrestur er til 30. apríl 2014. Hér fer á eftir umsögn Hafnarfjarðarbæjar um tillöguna, tekin saman af dr. Bjarka Jóhannessyni, sviðsstjóra Skipulags- og byggingarsviðs og skipulags- og byggingarfulltrúa. Samþykkt á fundi Skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar 28.04.14. Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til að koma með ábendingar/athugasemdir á seinni stigum.

Hafnarfjarðarbær gerir ekki athugasemd við frumvarpsdrögin, en vill benda á atriði í 2. mgr. 36. greinar skipulagslaganna sem þarfnast lagfæringar. Sú málsgrein er ætluð til að flýta og einfalda málsmeðferð þegar um óverulega breytingu á aðalskipulagi er að ræða. Ef Skipulagsstofnun hins vegar fellst ekki á að um óverulega breytingu sé að ræða, er hér ekki um flýti eða einföldun að ræða, heldur seinkun, þar sem málið þarf þá aftur að fara til afgreiðslu sveitarstjórnar. Þess vegna er lagt til að á eftir „skv. 30.-32. gr.“ í 1. málslíð 2. málsgr. 36. greinar komi: „Áður en málsmeðferð hefst skal senda fyrirspurn til Skipulagsstofnunar. Að fenginni jákvæðri umsögn Skipulagsstofnunar skal sveitarstjórn senda rökstudda tillögu um breytinguna til Skipulagsstofnunar...“

28.04.2014

Bjarki Jóhannesson

Sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi